

## AUGLÝSING

um

57  
9. júlí

að út sjeu gefnir nýir 50, 10 og 5 króna ríkissjóðsseðlar, samkvæmt lögum nr. 7, 4. maí 1922, sbr. lög nr. 10 frá 29. maí 1925.

Ríkisstjórnin hefir samkvæmt lögum nr. 7, 4. maí 1922, sbr. lög nr. 10 frá 29. maí 1925 gefið út fyrir ríkissjóð Íslands handa Landsbankanum 50, 10 og 5 króna seðla með svofeldri nýrri gerð:

Framan á öllum seðlunum er prentað gildi seðlanna, og er talan tilfærð í bókstöfum, svo og orðin:

Fyrir ríkissjóð Íslands

á 50 kr. seðlunum með dökkgráum lit á gulum feldi í gráleitri umgjörð, á 10 kr. seðlunum með dökkbláum lit á ljósbláum feldi í blágrárri umgjörð og á 5 kr. seðlunum með móbrúnum lit á ljósbrúnum feldi í grænleitri umgjörð. Undir framangreind orð er prentað nafn ráðherra og eins bankastjóra við Landsbankann. Vinstra megin framan á öllum seðlunum er brjóstmynd Hans hátignar Christians konungs tíunda. Aftan á öllum seðlunum stendur efst með hvítum bókstöfum gildi seðlanna og neðst orðin: Landsbankinn. Aftan á 50 og 10 kr. seðlunum er ásamt öðru skrauti fjallkonumynd, en á 5 kr. seðlunum brúnn feldur með fálkamynd. Loks er á hverjum seðli prentuð raðartala hans á tveim stöðum.

Hinir eldri seðlar, sem út voru gefnir samkvæmt auglýsingu 24. júlí 1907, halda gildi sínu jafnframt hinum nýju.

Þetta er hjermeð birt almenningi.

*Fjármálaráðuneytið, 9. júlí 1925.*

Jón Þorláksson.

---

*Gísli Ísleifsson.*